

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 142142. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar  
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, 22. október 2020  
og hófst hann kl. 09:30.

## Fundinn sátu:

Drífa Skúladóttir, Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Davíð Viðarsson, Magnús Eiríksson og Kristjana Hermannsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Stefán Jónsson, Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa.

## Dagskrá:

### 1. Músaslóð 10\_Umsókn um lóð - 2010001

Gunnar Fannberg, f.h. Á eyrunum ehf., sækir um úthlutun frístundalóðarinnar að Músaslóð 10, Arnarstapa.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir lóðaúthlutun.*

*Samþykkt*

### 2. Fossabrekka 5\_Umsókn um byggingarlóð - 2010012

Jón Tryggvason óskar eftir að fá úthlutaðri lóðinni Fossabrekku 5, hvar hann hyggst reisa einbýlishús.

*Umhverfis- og skipulagsnefnda samþykkir lóðaúthlutun.*

*Samþykkt*

### 3. Hraunbalar í Miðhúsum\_Ósk um breytt deiliskipulag - 2001003

Deiliskipulagstillaga fyrir Hraunbala í landi Miðhúsa tekin fyrir að nýju.

*Umhverfis- og skipulagsnefnda samþykkir erindið og vísar því í lögboðið ferli. Nefndin ítrekar að aðgengi að slökkvivatni og aðkoma slökkvibíls þurfi að vera fullnægjandi.*

*Samþykkt*

### 4. Hafnargata 2\_Umsókn um byggingarleyfi - 2010002

Óskar Skúlason sækir um leyfi til fjölga gluggum og breyta til samræmis við aðra glugga í verbúðinni.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið. Gluggar að aftan þarf að uppfylla kröfur um björgunarop.*

*Samþykkt*

### 5. Engihlíð 16\_Umsón um byggingarleyfi - 2010006

Snæfellsbær óskar eftir byggingarleyfi til breytinga á bílskúrshurð að Engihlíð 16.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

FTT

M. S.

SKA

Mk

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

*Samþykkt*

## 6. Ólafsbraut 50 - Umsókn um byggingarleyfi - 2010008

Zbigniew Pienkowski óskar eftir byggingarleyfi til gluggaskipta og breytingar á gluggum.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið að glugga við innkeyrslu undanteknum. Þar skal vera björgunarop í samræmi við byggingarreglugerð.*

*Samþykkt*

## 7. Hafnargata 8 Umsókn um byggingarleyfi - 2010010

Alexander Kristinsson, f.h. Sjávariðjunnar, sækir um byggingarleyfi fyrir stækkun tæknirýmis á NA hlið hússins og útbyggingu við aðalinngang. Kælíbúnt úti hækkar.

*Halldór víkur af fundi.*

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu.*

*Halldór kemur inn.*

*Samþykkt*

## 8. Vallholt 26 Umsókn um byggingarleyfi - 2010011

Magnús Darri Sigurðsson sendir inn fyrirspurn varðandi áætlanir um viðbyggingu við íbúðarhús, breytingu á glugga á norðurhlið hússins og byggingu bílskúrs.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um breytingu á byggingarreit.*

*Samþykkt*

## 9. Norðurtangi 3 Umsókn um byggingarleyfi - 2010015

Lúðvík Ver Smárason, fyrir hönd eigenda, leggur inn reyndarteikningar fyrir Norðurtanga 3.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd frestar erindinu og fer fram á að skilað verði inn brunahönnun á húsinu.*

*Frestað*

## 10. Rifshöfn - dýpkun\_ósk um afstöðu vegna dýpkunar (máu) og framkvæmdarleyfi - 2010009

Hafnarstjórn Snæfellsbæjar óskar eftir framkvæmdaleyfi til dýpkunar hafnar á Rifi.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar hefur, í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, farið yfir tilkynningu framkvæmdaaðila hafnarstjórnar Snæfellsbæjar. Niðurstaða umhverfis- og skipulagsnefndar er að dýpkun hafnar á Rifi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif sbr. viðmið í 2. viðauka laga nr. 106/2000. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Því samþykkir nefndin framkvæmdaleyfi vegna dýpkunar Rifshafnar.*

*Samþykkt*

## 11. Útivistarstígur norðan Keflavíkurgötu umsókn um framkvæmdaleyfi - 2010013

Snæfellsbær sækir um framkvæmdaleyfi fyrir malbikuðum stíg meðfram ströndinni norðan Keflavíkurgötu og brú yfir Höskuldará.

777

M.S

M.K<sub>2</sub>

KA

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Stígurinn tengir saman núverandi stíga, annars vegar stíg sem liggur milli Hellissands og Ólafsvíkur og hins vegar stíg sem liggur meðfram ströndinni frá Höskuldará að Hellisbraut, vestan Hellisbrautar 1.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið. Endurnýja þarf útrunnin lóðabréf.*

*Samþykkt*

## 12. Ljósleiðari\_Hellissandur-Gufuskálar - Umsókn um framkvæmdaleyfi - 2010014

Snæfellsbær sækir um framkvæmdaleyfi til að leggja ljósleiðara milli Hellissands og Gufuskála.

Tengibrunnur er á mótum Klettsbúðar og Útnesvegar. Þaðan verður ljósleiðarinn lagður í helgunarsvæði Útnesvegar að sunnanverðu.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

## 13. Fjárdborg 7\_Umsókn um stöðuleyfi - 2010004

Páll Eðvarð Sigurvinsson sækir um stöðuleyfi fyrir tvo gáma á lóð sinni að Fjárdborg 7.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir stöðuleyfi til árs en bendir á að leitað skuli varanlegra lausna þ.e.a.s. að skrá og aðlaga útlit að húsi ellegar fjarlægja gáminn.*

*Samþykkt*

## 14. Dvalarheimilið Jaðar\_Fyrirspurn um stækkun anddyris - 2002008

Byggingarfulltrúi leggur fyrir nefndina stækkun á anddyri Jaðars skv. meðfylgjandi teikningum sem kynntar verða bæjarstjórn fyrir fjárhagsáætlun.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leiti erindið og vísar því til bæjarstjórnar.*

*Nefndinni lýst betur á valmáttak.*

*Samþykkt*

## 15. Norðurtangi 3\_Sótt um hjólbarðaverkstæði - 2009003

Tekið upp að nýju.

Birgir Tryggvason, f.h. Bílaaðstoðar og flutninga ehf. sækir um leyfi fyrir dekkjaverkstæði í húsnæði sínu að Norðurtanga 3.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um starfsleyfi og uppfyllingu brunavarna. Kvaðir um umgengni á lóðinni skulu uppfylltar og þeim þinglýst á eignina.*

*Samþykkt*

## 16. Dalbraut 12\_Umsókn um byggingarleyfi til niðurrifs - 2010005

Snæfellsbær óskar eftir byggingarleyfi til niðurrifs fasteignar sinnar við Dalbraut 12 (Dalshús). Byggingin er illa farin, hættuleg og lýti í bænum.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

777

M. 4

M. 3